

Fundargerð safnsráðs Listasafnsins á Akureyri

20. fundur.

Þriðjudagurinn 12. febrúar 2019 kl. 13:00 í Listasafninu.

Mætt: Aðalsteinn Þórsson, Hilda Jana Gísladóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Hlynur Hallsson, safnstjóri.

1. Farið yfir dagskrá safnsins fyrir 2019 og drög að sýningum 2020 og 2021, rætt um mögulegar sýningar og tillögur skoðaðar. Hugsanleg aðkoma Listasafnsins að starfi barna og myndlistarmenntun rædd sérstaklega.
2. Erindi frá Ange Leccia um gjöf á verki eftir sig: La Mer, frá árinu 2018. Samþykkt að þiggja verkið og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
3. Erindi frá Rúrí um gjöf á verki eftir sig: Balance XX, frá árinu 2016. Samþykkt að þiggja verkið og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
4. Erindi frá Dýrleifu Bjarnadóttur um gjöf á verki eftir Örn Inga Gíslason (1945-2017): Án titils, frá árinu 1980. Samþykkt að þiggja verkið og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
5. Erindi frá Halldóru Arnardóttur þar sem fjölskylda listamannsins Arnar Inga Gíslasonar býður Akureyrarbæ arfleið hans að láni í þeim tilgangi að setja á fót nokkurs konar artótek fyrir stofnanir bæjarins. Listasafnsráð getur ekki orðið við erindinu þar sem það fellur ekki að hlutverki safnsins. Starfsemi safnsins einskorðast við miðlun á safneigninni sjálfri, safna, varðveita, skrá og rannsaka safneignina.
6. Rætt um vinnu við fræðslustefnu Listasafnsins. Stefnt að því að leggja fram drög að henni fyrir næsta fund Listasafnsráðs.
7. Listasafnsráð lýsir yfir áhuga á samvinnu við verkefnisstjóra um samfelldan vinnudag barna og verkefnisstjóra barnvæns sveitarfélags.

Ákveðið að næsti fundur safnsráðs verði miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 13

Fundi slitið kl. 15:15